



Samgöngustofa
bt. Guðrún Huld Birgisdóttir
Ármúli 2
108 Reykjavík

3. apríl 2019
1904008 HBH

Efni: Klapparhraun 17. Umsögn neikvæð vegna rekstrarleyfis

Umsögn vegna rekstrarleyfis

Efni: Beiðni um umsögn barst frá Samgöngustofu þ. 29.3.2019 sl. vegna umsóknar Einars Björns Tómassonar fyrir hönd EBT ehf, kt. 420410-1060 um rekstur ökutækjaleigu að Klapparhrauni 17, Rangárþingi ytra.

Umsögn byggingarfulltrúa:

Ekki er hægt að gefa jákvæða umsögn þar sem óheimilt er að starfrækja slíka starfsemi innan skipulagðra frístundasvæða í sveitarfélaginu.

Samkvæmt skilmálum í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er rekstur eingöngu heimilaður á skilgreindum verslunar- og þjónustusvæðum og jafnframt sem aukastarfsemi á bújörðum á landbúnaðarsvæðum.

Í framhaldi skal á það bent að í drögum að nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins, sem er í ferli samþykktar hjá Skipulagsstofnun, er gert ráð fyrir minni háttar starfsemi á frístundasvæðum, en svo segir í drögum að greinargerð undir liðnum „Frístundabyggð“:

„Innan frístundabyggðar er heimilt að vera með þjónustumiðstöðvar, smáverlanir og aðra starfsemi sem þjónar viðkomandi svæði. Gera skal grein fyrir mögulegri atvinnustarfsemi í deiliskipulagi svæðis“.

Jafnframt segir í sama kafla:

„Lögð er áhersla á að á frístundasvæðum sé starfandi félag frístundahúsaeygenda. Gert er ráð fyrir slíkum félögum sbr. 17. gr. laga um frístundabyggð og leigu lóða

undir frístundahús nr. 75/2008. Slík félög skulu m.a. meta heimildir og skyldur varðandi byggðina s.s. atvinnurekstur. Slíkur rekstur skal þó ávallt fylgja þeim lögum og reglum sem við á hverju sinni“.

Af þessum sökum getur byggingarfulltrúi ekki gefið jákvæða umsögn um rekstur ökutækjaleigu innan fristundasvæða í Rangárþingi ytra fyrr en að loknu samþykktarferli aðalskipulagsins. Áréttað er að hér er um drög að ræða og orðalag og skilmálar geta breyst við áframhaldandi meðferð.

Virðingarfyllst,



Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi